

Alþingi
Erindi nr. P 127/1757
komudagur. 9.4.2002



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 8. apríl 2002

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp tii Landgræðslulaga; 584. máí.

Lagt er til að 1. liður 2. gr. verði:

Afrétt: ...

Greinargerð:

Afrétt er kvenkynsorð. Afrétt er í raun andstæðan við rétt, sbr. fjárrétt. Rétt er lítið afgirt svæði, afrétt er stórt ógirt svæði, þ.e. utan réttarinnar. Að nota orðið í karlkyni gefur því allt aðra merkingu, þá telja menn sig t.d. eiga einhvern lagalegan eða hefðbundinn "rétt" til landnýtingar. Í Grágás er orðið notað í kvenkyni og það er ennþá málvenja á Norður- og Austurlandi. Að gera orðið karlkyns er ósiður sem ætti að uppræta.

Lagt er til að 5. liður 2. gr verði:

Landgræðsla: Samheiti yfir aðgerðir til að vernda og bæta gróður og jarðveg.

Greinargerð:

Þessa setningu er að finna í athugasemdum við frumvarpið efst á bls. 10 og er hún mun betri skilgreining á landgræðslu en sú tátólógía sem núna stendur í 5. lið 2. gr.

Lagt er til að 8. liður 2. gr. verði:

Landspjöll: Umtalsverð áhrif til rýrnunar á landkostum af mannavöldum.

Greinargerð:

Orðið "óæskileg" er gildishlaðið og fer það að verulegu leyti eftir innrætingu manna og smekk hvað þeir telji óæskilegt. Sumir (jafn vel sumir starfsmenn Landgræðslunnar) telja notkun lúpínu til uppgæðslu hafa óæskileg áhrif á landkosti og fólk með svipaða innrætingu telur skógrækt með innfluttum trjátegundum einnig óæskilega. Í 16. gr. er tekið fram að mat Landgræðslunnar gildi í þessum efnum og gefur núverandi skilgreining á landspjöllum því Landgræðslunni vald til að stöðva hvaða landnýtingu sem er, t.d. skógrækt, ef hún samrýmist ekki smekk einhvers starfsmanns Landgræðslunnar. Það getur varla verið markmið laganna.

Lagt er til að 9. liður 2. gr. verði:

Sjálfbær landnýting: Nýting og meðferð lands sé þannig háttáð að líffræðilegri fjölbreytni, framleiðni vistkerfa, hæfni þeirra til endurnýjunar og geta þeirra til að gegna, núna og til frambúðar, viðeigandi vistfræðilegum, efnahagslegum og félagslegum hlutverkum á staðar-, lands- og heimsvisu sé viðhaldið eða eftir því sem við á. Á Íslandi er ástand lands víðast hvar þannig að leggja verður áherslu á *eflingu* frekar en *viðhald* til þess að landnýting geti talist sjálfbær.

Greinargerð:

Mikil áhersla er lögð á sjálfbæra landnýtingu í frumvarpinu og í ljósi þess er skilgreiningin á því hugtaki í 9.lið 2. gr. ófullnægjandi. Í skilgreininguna vantar t.d. algjörlega efnahagslega þáttinn, en hann er oftast efstur á blaði þegar verið er að meta hvort einhver nýting sé sjálfbær. Þá vantar einnig viðurkenningu á því að ástand lands á Íslandi yfirleitt sé ekki í samræmi við það sem eðlilegt mætti telja miðað við náttúrulegar aðstæður, sem er allsendis óviðunandi. Þá er mjög óljóst hvað “höfuðstóll náttúrunnar” og “eðlileg gróðurframvinda” merkja.

Um sveitarfélög

Veruleg áhersla er lögð á þátttöku sveitarfélaga í stjórnsýslu er varðar landgræðslu. Ekki eru hér gerðar ákveðnar tillögur um breytinar en bent er á að skv. 5. gr. eiga sveitarfélög að hafa *eftirlit* með landnýtingu og ástandi lands en skv. 8. gr. á Landgræðslan að hafa með höndum “*vöktun* sem nær til ástands lands og framvindu og nýtingar gróðurs og jarðvegs”. Þótt eilítil munur sé á orðalagi í þessum tveimur greinum verður ekki annað skilið en að hér sé átt við sama hlutinn.

Í 5. gr. kemur fram að sveitarstjórnir skuli gera “tillögur og áætlanir um landgræðsluverkefni” og “leita álits Landgræðslunnar á þeim” og í 7 gr. kemur fram að sveitarstjórnin skuli gera “héraðsáætlanir um landgræðslu” sem skuli samrýmast landgræðsluáætlun. Hver er munurinn, og því skyldu sveitarstjórnir leggja vinnu í að gera sérstakar héraðsáætlanir þar sem stendur nákvæmlega það sama og stendur í landgræðsluáætlun? Hvort tveggja krefst auk þess fagþekkingar á sviði landgræðslu sem flest sveitarfélög búa ekki yfir og ólíklegt verður að teljast að flest sveitarfélög ráði til sín landgræðslufulltrúa þótt þessi lög heimili það. Þá er ljóst að sveitarstjórnir mega aðeins gera áætlanir sem eru Landgræðslunni þóknanlegar. Það er því ekki verið að gefa þeim aukið sjálfræði.

Spurningin vaknar hvort ekki sé verði að flækja málin óþarflega með þessu. Í það minnsta er verkaskipting milli Landgræðslunnar og sveitarstjórna óljós.

Lagt er til að 12. gr. falli niður.

Greinargerð:

Engin ástæða er til að hafa forkaupsréttarákvæði um land sem Landgræðslan hefur af eihverjum ástæðum eignast en nú stendur til að selja.

Ábyrgð:

Því er fagnað að skýrt sé kveðið á um að umráðahafi lands beri ábyrgð á úrbótum sem kunna að vera nauðsynlegar vegna landnýtingar sem valdi rýrnun eða eyðingu landkosta skv. 16. gr. Hugmyndin um úrbótaáætlun skv. 17.-25. gr. er góð en spurning hvort ekki sé um óþarflega flókið ferli að ræða. Eins og þetta er sett upp býður ferlið upp á að endalaust sé hægt að þvælast fyrir. Lagt er til að sleppa aðkomu sveitarfélaga að úrbótaferlinu, enda er skilvirkast að samskipti Landgræðslunnar og umráðahafa lands séu bein.

Helsti galli lagafrumvarps þessa er að það er ekki í takt við tímann. Það er greinilega gert ráð fyrir óbreyttum beitarnytjum á landinu öllu þrátt fyrir að ekki blasi við annað en hrun sauðfjárræktar á næstu árum. Það er áfram gert ráð fyrir “frimerkjásöfnun”

landgræðslusvæða í stað þess að gera áætlanir um hið gagnstæða, þ.e.a.s. girða búsmalann af á svæðum sem þola beit þannig að allt annað land væri friðað. Slik stefna mundi um leið gera tiltölulega litlum hópi sauðfjárþænda sem eftir verður kleift að stunda sinn búskap í sátt við umhverfið og viðhorf almennings og er í raun eina vonin til að bjarga búgreininni.

Annað sem vantar eru skýr markmið um æskilegt ástand lands. Það er skaði að ákvæði sem er í núverandi landgræðslulögum, um að markmið landgræðslu skuli vera að endurheimta skóglendi þar sem henta þykir, hafi fallið niður. Landgræðsluaðgerðir eiga að sjálfsögðu að hafa endurheimt skóglendis sem aðalmarkmið því skógur er það vistkerfi sem glatast hefur að mestu á láglendi Íslands og landnýting sem ekki gerir ráð fyrir endurheimt hans þar sem hægt er getur ekki talist sjálfbær.

f.h. Skógræktar ríkisins



Þróstur Eysteinnsson
fagmálastjóri